

Árið 2026, 22. september kl. 14:00 er landskjörstjórn komin saman á fundi í Eddu, húsi íslenskunnar, Arngrímsgötu 5 í Reykjavík, til að úrskurða um gildi ágreiningsatkvæða og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem fram fór þann 29. ágúst sl.

Fyrir er tekið að úrskurða um 16 ágreiningsatkvæði úr Suðvesturkjördæmi og kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r nr. 3/2026:

Ágreiningsatkvæðin bárust landskjörstjórn frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis þann 1. september sl. Um ágreining er að ræða milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis og eru ágreiningsatkvæðin send landskjörstjórn til úrskurðar, sbr. 3. mgr. 99. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Af 16 ágreiningsatkvæðum eru 13 kjörfundaratkvæði og þrjú utankjörfundaratkvæði. Landskjörstjórn hefur farið yfir öll gögn málsins og eru niðurstöður eftirfarandi:

1. Atkvæði skráð nr. 1

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem merkt er X við svarkostinn Já. Jafnframt er skrifað „Já“ á bakhlið atkvæðaseðilsins en síðan krotað yfir það. Umboðsmaður Já-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem kjósandi hafði strikað yfir Já á bakhlið atkvæðaseðilsins. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til c-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga og álits og tillagna kjörbréfanefndar Alþingis 2013, kafla I.3.b og álits og tillagna kjörbréfanefndar Alþingis 2025, sbr. greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga, 2025, kafla III.2, en atkvæðið telst auðkennt.

2. Atkvæði skráð nr. 2

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem merkt er X við svarkostinn Já og krot sett í feringinn. Jafnframt eru fjögur strik fyrir utan feringinn, hvert og eitt út frá miðju hverrar hliðar hans, auk þess sem strikað er undir svarkostinn Já. Umboðsmaður Já-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósanda væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til c-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga en atkvæðið telst auðkennt.

3. Atkvæði skráð nr. 3

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða utankjörfundaratkvæði þar sem merkt er X í fering við svarkostinn Já. Einnig eru tvö lítil x auk eins ógreinilegs tákns fyrir ofan feringinn. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs

taldi atkvæðið ógilt, þar sem það væri auðkennt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið gilt, vilji kjósenda væri skýr og atkvæðið væri ekki auðkennt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn fellst ekki á niðurstöðu yfirkjörstjórnar. Atkvæðið telst auðkennt með vísan til c-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga og skal því meta ógilt.

4. Atkvæði skráð nr. 4

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða utankjörfundaratkvæði þar sem strik eru dregin horn í horn og lóðrétt og lárétt strik milli allra hliða ferningsins við svarkostinn Nei. Nokkur strikanna ná aðeins út fyrir ferninginn og líkjust að einhverju leyti kroti. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósendans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til c-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga og álits og tillagna kjörbréfanefndar Alþingis 2025, sbr. greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga, 2025, kafla III.1, en atkvæðið telst auðkennt.

5. Atkvæði skráð nr. 5–9

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða fimm atkvæðaseðla sem eiga það sammerkt að X er skrifað innan fernings við svarkost Nei á öllum atkvæðaseðlunum. Á atkvæðaseðli nr. 5 má einnig greina lóðrétt strik sem nær frá miðju efri hliðar ferningsins að miðju neðri hliðar hans og sker strikið þannig miðjupunkt X-ins. Á atkvæðaseðli nr. 6 er samskonar strik og á atkvæðaseðli nr. 5, en daufara og ber þess merki að reynt hafi verið að stroka það út. Strikið nær ekki alveg að efri hlið ferningsins en fer út fyrir ferninginn við neðri hlið hans. Á atkvæðaseðlum nr. 7 - 9 eru strik dregin horn í horn og lóðrétt og lárétt strik milli allra hliða ferningsins. Í hvern ferning er þannig bæði merkt X og + (plús). Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi öll atkvæðin gild, þar sem vilji kjósenda væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn fellst ekki á niðurstöður yfirkjörstjórnar. Greinilegt er hvernig atkvæðin eiga að falla, vilji kjósenda telst skýr og atkvæðin teljast ekki auðkennd í skilningi c-liðar 104. gr. sbr. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga. Atkvæðin skal meta gild og greidd svarkosti Nei.

6. Atkvæði skráð nr. 10

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem merkt er með breiðu V í ferning við svarkost Nei. Bæði strikin í V-inu eru breið en grennra strik tengir þau saman efst. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósendans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem það væri auðkennanlegt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn fellst ekki á niðurstöðu yfirkjörstjórnar. Greinilegt er hvernig atkvæðið á að falla, vilji kjósenda telst skýr og atkvæðið telst ekki auðkennt í skilningi c-liðar 104. gr. sbr. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga. Atkvæðið skal meta gilt og greitt svarkosti Nei.

7. Atkvæði skráð nr. 11

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem krotað er ólögulega í fering við svarkost Nei. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósendans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til b-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga þar sem vilji kjósenda telst ekki skýr.

8. Atkvæði skráð nr. 12

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem merkt er X á milli svarkosta Já og Nei, þannig að neðsti hluti vinstri hliðar X-ins nær inn í fering við svarkost Nei. Að auki má greina örlítill strik eða krot utan við fering við svarkost Já. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósendans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar. Óljóst er hvernig atkvæðið á að falla og vilji kjósenda telst því ekki skýr í skilningi b-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga.

9. Atkvæði skráð nr. 13

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem feringur við svarkost Nei hefur verið skyggður en skyggingin strokuð út að mestu og merkt X í feringinn. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósendans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem vilji kjósenda væri ekki skýr.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn fellst ekki á niðurstöðu yfirkjörstjórnar. Vilji kjósenda telst skýr og greinilegt hvernig atkvæðið á að falla. Því á engin staflíður 104. gr. við, sbr. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga. Atkvæðið skal meta gilt og greitt svarkosti Nei.

10. Atkvæði skráð nr. 14

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem merkt er X í fering við svarkost Nei og jafnframt skrifað X yfir orðið Nei. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósendans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar. Atkvæðið telst auðkennt með vísan til c-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga.

11. Atkvæði skráð nr. 15

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða atkvæðaseðil þar sem krotað er í fering við svarkost Nei. Umboðsmaður Nei-sjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjósendans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar. Atkvæðið telst auðkennt með vísan til c-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga.

12. Atkvæði skráð nr. 16.

Lýsing á atkvæði og ágreiningi

Um er að ræða utankjörfundaratkvæði þar sem merkt er X í ferning við svarkost Nei. Jafnframt er krotað í ferninginn, þó ekki þannig að hann sé skyggður að fullu. Umboðsmaður Neisjónarmiðs taldi atkvæðið gilt, þar sem vilji kjóсандans væri skýr. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem vilji kjóсanda væri ekki skýr.

Niðurstaða landskjörstjórnar

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar. Ekki má með öruggum hætti sjá hvernig atkvæðið á að falla. Vilji kjóсanda telst því ekki skýr í skilningi b-liðar 1. mgr. 104. gr. kosningalaga.

ÚRSKURÐARORÐ

Ákvarðanir yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 1, 2, 4, 11, 12, 14, 15 og 16 við þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026 eru staðfestar og atkvæðin úrskurðuð ógild.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 3 greitt „Já“ svarkosti við þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026 er felld úr gildi og atkvæðið úrskurðað ógilt.

Ákvarðanir yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 13 við þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026 eru felldar úr gildi og atkvæðin úrskurðuð gild og greidd „Nei“ svarkosti.

Landskjörstjórn, 22. september 2026

Kristín Edwald formaður (sign.)

Arnar Kristinsson (sign.)

Indriði Ingi Stefánsson (sign.)

Ebba Schram (sign.)

Magnús Karel Hannesson (sign.)